

Fundargerð

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 7. nóvember 2023 kl. 20:00.

Mætt: Aldís Rún Lárusdóttir, Víðir Þórarinsson, Súsanna Pétursdóttir, Þorleif Kristín Hauksdóttir, Agnes Valdimarsdóttir, Guðbjörg Benjamínsdóttir, Sara Haynes, Helga Guðný Sigurðardóttir.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar komin til ritara.

2. Fjármál

Á síðasta fundi var rætt að eftir væri að ákveða fjárhæð bekkjarstyrkja. Gert ráð fyrir sömu rúrustyrkjum og greiddir voru í fyrra en gjaldkeri ætlar að fara yfir hvernig þessi mál voru í fyrra og gera kostnaðargreiningu. Á enn eftir að greiða röltverðlaunin til 8. bekkjar (9. bekkur núna).

Rætt um að setja upp excel-skjal fyrir gjöldin í foreldrafélagið.

3. Foreldraröltið o.fl.

Röltfulltrúi upplýsti að hún og Rikke hafi farið á fundi þar sem verið var að hvetja foreldra til samstarfs. Rætt um mikilvægi foreldraröltis, m.a. það að taka þátt í nærumhverfi barna og í tengslum við forvarnir. Það kom fram á fundinum að lögreglan er í góðu samstarfi við menntasvið og er með verkefni sem heitir samfélagslögreglan. Þeir hafa verið að fara í skóla í Kópavogi og ræða við nemendur. Það er hægt að senda þeim póst og biðja þá að koma í skólann.

M.a. rætt um þrýsting á stráka í 6. bekk að fara á samfélagsmiðla. Þörf á umræðu um þetta atriði og lögreglan gæti t.d. komið og rætt um samfélagsmiðlanotkun. Einnig rætt um hnífaburð sem gott væri að ræða við börnin. Formaður ætlar að nefna þann möguleika við Björgu skólastjóra að fá samfélagslögregluna til að spjalla við krakkana í skólanum.

Röltið hefur gengið ágætlega. Nú er rölt hjá foreldrum 6. bekk og fólk er farið að skrá sig. Búið er að uppfæra linkinn með upplýsingum og leiðbeiningum um röltið. Fólk sem tekur þátt í röltinu tekur af sér myndir og setur á síðuna.

4. Skákviðburður

Kominn á dagskrá skákviðburður fyrir 3. bekk og búið að auglýsa hann. Víðir upplýsti að verið sé að safna saman skákborðum og skákklukkum. Skráning hafin og ca 30% búnir að skrá sig. Rætt að styrkja viðburðinn með kleinum. Rætt að aðrir bekkir fái líka slíka styrki ef eftir því er óskað.

5. Jólaföndur

Upplýst að búið sé að panta 300 stk af keramik-styttum til að mála. Líka hægt að fá tré-figúrur og merkimiða úr Söstrengre til að mála. Allir samþykkir því að keyptar verði þessar tré-figúrur. Líka bent á jólatrésskraut o.fl. til að mála frá Föndru. Þarf líka að kaupa málningu en það er til einhverj málning frá

Því í fyrra. Við kaupin er best að unnt sé að fá kröfu í heimabanka foreldrafélagsins og fá rafrænan reikning á netfangið. Netfangið er foreldrafelag-kars@kopavogur.is

Rætt um að útvega þarf skiptimynt fyrir föndrið.

Rætt að best sé að foreldrar 1. og 2. bekkjar séu virkjaðir í undirbúning, t.d. að stilla upp borðum og klæða þau o.s.frv. Bekkjarfulltrúar virkji foreldra bæði í undirbúning og frágang eftir jólaföndrið.

Rætt að 10. bekkur skipuleggi veitingasöluna. Rætt að kannað yrði hvort til væri afgangur af servíettum, glösum o.fl. frá góðgerðardeginum.

Þarf að tilkynna 1., 2. og 10. bekk um þeirra hlutverk. Það verður gert í gegnum ritara skólans.

6. Næsti fundur

Ákveðið var að halda næsta fund á nýju ári, þriðjudaginn 16. janúar 2024 kl. 20:30.

7. Fleira ekki gert og fundi slitið